


ÞJÓÐVILJINN

Sunnudagur 15. júní 1969 — 34. árgangur — 130. tölublað.



Sigurjóni Ólafssyni falið að gera minnismarki um lýðveldisstofnunina

□ Borgarráð Reykjavíkur hefur falið Sigurjóni Ólafssyni að gera tillögu að lýðveldisminnismarki í tilefni 25 ára lýðveldisafmælis. — Hefur Sigurjón fallizt á að gera tillöguuppdrættina.

Borgarráð fjallaði um þetta samþykkt á fundinum að verja mál á síðasta fundi sínum. Var til minnismarkisins þeim tekjum

sem komið hafa af þjóðhátíðarmerkinu ár hvert, en þær námu samtals við árslok 1967, 1,7 milljónum króna. Jafnframt samþykkti borgarráð að fara þess á leit við Arkitektafélag Íslands og Bandalag íslenskra listamanna að þessir aðilar yrðu ráðinu til ráðuneytis um staðarval fyrir lýðveldisminnismarkið.

Engar ákvarðanir liggja fyrir um það hvar slíku lýðveldisminnismarki yrði valinn staður. Þó hefur heyrzt að ekki væri óeðlilegt að merkið væri staðsett á nýja miðbæjarsvæðinu, en nú er unnið að því að skipuleggja þetta svæði sérstaklega.

Ég er mjög hriðinn að hafa fengið tækifæri til þess að spreyta mig svoltið meira, sagði Sigurjón Ólafsson, myndhöggvari, þegar blaðið spurði um viðbrögð hans. Ég hef þegar svarað þessu

játandi, en það er heilmikið eftir að athuga í sambandi við þetta — velja stað og fleira. En ég vona, að ég geti gert eitthvað gott, sagði Sigurjón að lokum.